

# Dagskrá Kjalnesingadaga 2014

## Föstudagur 27. júní

Kl. 20-22 Sundlaugapartý – frítt í sund

UMFK

## Laugardagur 28. júní

Kl. 9-10:30 Kajak kynning í Klébergslaug

Björgunarsveitin

Kl. 11.00 Víðavangshlaup (mæting við Klébergslaug)

UMFK

Kl. 11-11:30 Helgistund á Esjubergi

Sóknarnefndin

Kl. 11:30 Gönguferð frá Esjubergi - gamla póstleiðin

Sögufélagið

Kl. 13.00 Skrúðganga frá róló og ljótu hatta keppni

UMFK

Kl. 13-17 Kaffihús í Fólkvangi

Kvenfélagið Esja

Kl. 13-17 Markaður í Fólkvangi

Kvenfélagið Esja

Kl. 14-17 Bátsferðir og fjórhjól

Björgunarsveitin

Kl. 14-17 Teymt undir börnum

Hestamannafélagið

Kl. 14-17 Klifurveggur

Hverfisráð Kjalarness

Kl. 14-17 Leiktæki

UMFK

Kl. 17.00 Kassabíla-rally í porti Klébergsskóla

UMFK

Kl. 17:00 „Dómara mútur“ í porti Klébergsskóla

Lita hverfin

Kvöldið:

Kl. 19:30 Grill á róló

Íbúasamtökin

Kl. 21.00 UMFK – leikarnir

UMFK

Kl. 22.00 Varðeldur

Íbúasamtökin

Kl. 22:00 Trúbador

Íbúasamtökin

Kl. 22.30 Verðlaunaafhending

Ík &- UMFK



27. og 28. Júní

**Markaður, KAFFIHÚS,**  
**SUNDLAUGARPARTÝ, bátsferðir,**  
**fjórhjólafjör, LITAKEPPNIN,**  
**VÍÐAVANGSHLAUP,**  
**hestar, leiktæki frá ÍTR,**  
**kvöldvaka, tónlist,**  
**söguganga,**  
**KLIFURVEGGUR,**  
**KASSABÍLARALLY,**  
**SKRÚÐGANGA.**





# Litahverfi

Í tilefni Kjalnesingadaga skreytum við hús og garða, bæjarmerki og fl. í ákveðnum litum.

Einnig merkja íbúar sig með réttum lit, t.d. Hárbandi, buffi, fötum eða öðru.

|                               |               |
|-------------------------------|---------------|
| Esjugrund - fimm efstu botnl. | Appelsínugult |
| Esjugrund- frá þrengingu      | Rautt         |
| Búagrund og Helgugrund        | Gult          |
| Jörfagrund                    | Fjólublátt    |
| Frá Mos að Grundarhverfi      | Bleikt        |
| Frá Sjoppu að Brautarholti    | Bleikt        |
| Frá sjoppu inn að Kjós        | Bleikt        |

## Nýtt... kl. 17 á laugardeginum, í porti Klébergsskóla

Hvert litahverfi verður með veitingar eða eitthvað annað skemmtilegt í litum síns hverfis til að bjóða gestum og gangandi uppá og ekki síst til að reyna að hafa áhrif á dómarana, rétt áður en þeir gera upp hug sinn. Frammistaða litahverfa í „mútum“ vegur 30% á móti skreytingum hverfisins 70% ☺

## Úrslit tilkynnt kl. 22:30 við varðeldinn á róló

Tilkynnt verður um litahverfi ársins, það hverfi sem dómara telja best skreytt þetta árið, að teknu tilliti til hversu frumlegar, skemmtilegar eða bragðgóðar „mútur“ þeirra voru.

Íbúasamtökin veita verðlaun þeim þremur húsum sem dómara telja frumlegast, flottast eða skemmtilegast skreytt.

UMFK afhendir farandsbikar því litahverfi sem stóð sig best á UMFK leikunum þetta árið.

## Helgistund á Esjubergi 28. júní

Laugardaginn 28. júní kl. 11 verður helgistund á Esjubergi sem hluti af dagskrá Kjalnesingadaga.

Ef marka má fornar heimildir stóð vagga kristinnar trúar á Íslandi á Kjalarnesi. Þar segir frá því að suðureyski landnámsmaðurinn Örlygur Hrapsson tók land í Sandvík á Kjalarnesi, gerði sér bú á Esjubergi og reisti þar kirkju skömmu fyrir árið 900 og er samkvæmt rituðum heimildum fyrsta kirkja sem reist var á Íslandi.

Séra Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur



## Söguganga í landi Esjubergs

Laugardaginn 28. júní kl. 11:30 (í beinu framhaldi af helgistundinni) kemur Björk Magnúsdóttir fornleifafræðingur og segir frá fornminjum í landi Esjubergs og nágrenni.

Björk hefur undanfarið unnið að meistaraverkefni sínu í fornleifafræði sem er rannsókn á minjum á Kjalarnesi. Gengið verður um land Esjubergs og helstu minjar skoðaðar.

Fræðslan er í boði Sögufélagsins Steina og sóknarnefnd Brautarholtsprestakalls.

## Kajak kynning

Kajak kynning á vegum Björgunarsveitarinnar verður laugardagsmorguninn 28. Júní, frá kl.9-10:30 í Klébergslaug. Þátttakendur mæti með sundföt, handklæði og bros á vör.




## Sundlaugapartý - Klébergslaug

Föstudaginn 27. júní á milli kl. 20-22

Lifandi tónlist í sundlauginni.

Helmuth, Petra María og Tommi koma fram.



## Skrúðganga

Fjölmennum á róló kl. 13.00 og göngum fylgtu liðium hverfið okkar.

Allir að mæta með höfuðföt, Hver er með sérkennilegasta höfuðfatið? (Verðlaun í boði)

Mætum með lúðra, trommur, hávaða, vini, ættingja og góða skapið ☺



## UMFK – Leikar

Hinir árlegu Kjalarnesleikar verða haldnir laugardagskvöldið 28. Júní, kl. 21.00 á róló (strax á eftir grillinu)

Armbeygjur, pokahlaup og fleira skemmtilegt í keppni á milli litahverfa.

Er ekki kominn tími á einhverja aðra en fjólubláa?

Allir með ungir sem aldnir.



## Kjalnesingahlaup

Laugardaginn 28. júní kl. 11.00 við Klébergslaug.

Kjalnesingahlaup er víðavangshlaup, hlaupið verður 4 km hring á Kjalarnesi.

Öllum er velkomið að koma og vera með, sama hvort viðkomandi vill ganga, skokka eða hlaupa, allt er leyfilegt.

Fyrir yngstu hlauparana verður styttri hringur þar sem þeir geta reynt á þolið.

Allir sem taka þátt fá þátttökuverðlaun.

**Skráning: if@umfk.is og á staðnum.**

## Kassabílarallý

Laugardaginn kl. 17.00 í portinu við Klébergsskóla

Kept á heimasmiðuðum kassabílum á skemmtilegri tímabraut. Tveir keppendur eru í hverju liði, einn ökumaður og einn ýtari og má samanlagður aldur keppenda ekki vera hærri en 30 ár.

Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sætin, flottasta bílinn og þann frumlegasta.

**Skráning: if@umfk.is og er hægt að skrá lið í keppnina til kl 12:00 á fimmtudaginn 26. júní.**

## Gallerí Gler í Bergvík

býður gesti og gangandi velkomna ☺

## Kvenfélagið Esja

**Kaffihús og markaður í Fólkvangi**

Eigið góða stund og njótið kaffiveitinga á góðu verði um leið og þið styrkið kvenfélagið til góðra verka í hverfinu.

Bókið söluborð á markaðnum í Fólkvangi hjá Kolbrúnu í síma: 691-8283 eða [brunka63@simnet.is](mailto:brunka63@simnet.is).

Verð 1.000 kr eða 1.500 kr. tvö borð.

